

## Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 12. mars 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-10/2010:

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 25. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á björgunarbát hjá fyrirtækinu Y. Álitsbeiðandi segir bátinn svo gamlan að hann hafi nánast verið útrunninn og vill fá nýjan bát afhentan eins og hann segir að sér hafi verið lofað af fyrirtækinu Z.

### II

#### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 26. janúar sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 8. febrúar. Að ósk fyrirtækisins var sá frestur framlengdur til 17. febrúar. Andsvör seljanda bárust 19. febrúar. Með bréfi dags. 23. febrúar var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 3. mars. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 4. mars sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### III

#### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt reikningi sem álitsbeiðninni fylgdi keypti álitsbeiðanda 5. febrúar 2009 A- björgunarbát fyrir 4 menn á kr. 152.530 auk virðisaukaskatts. Á öðru skjali sem álitsbeiðninni fylgdi kemur fram að framleiðslutími bátsins sé 07/2006. Þar segir og að mælt sé með því að báturinn sé þjónustaður (recommended service interval) á þriggja ára fresti í fyrstu þrjú skiptin og síðan á eins árs fresti.

Álitsbeiðandi segir bátinn vera nánast útrunninn, 6 mánuðir séu í næstu umpökkun í stað 3 ára. Á heimasíðu A komi fram að þeir selji aldrei eldri báta en 3ja mánaða. Álitsbeiðandi segist hafa haft samband við sölumann fyrirtækisins Z og hafi sér verið lofað nýjum báti eftir sumarið. Auðvitað vilji hann nýjan bát eins og um hafi verið samið.

### IV

#### Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir eftirfarandi:

„Við upphaf árs 2009 á Y. í birgðum fjóra björgunarbáta af gerðinni A sem um ræðir. Þar sem talsvert var farið að stytast í næstu skoðun á bátunum voru þeir seldir með verulegum afföllum, eða kr. 152.530 í stað 240.000 sem var verð á nýjum bát á sama tíma. Ekkert varðandi aldur bátsins eða gildandi skoðun er falið við sölu bátsins, þar sem skýrt og greinilega kemur fram á skírteini utan á bátnum aldur og skoðunartími. Með þessari verðlækkun teljum við að aldri og kostnaði við næstu skoðun sé mætt með rausnarlegum hætti. Þess má geta að Z eru innflytjendur og skoðunaraðilar þessara báta, þar kostar u.þ.b. 35.000 að skoða svona bát. Í fylgiskjali 1b er vísað í andsvör og loforð

frá Z. Y vísar á þá til að svara fyrir þau loforð og telur þau sér óviðkomandi. Y harmar að misskilningur þessi hafi átt sér stað.“

## V

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur sá sem lýst er í álitsbeiðni falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samkvæmt upplýsingum álitsbeiðanda er bátur hans skemmtibátur sem ekki er notaður í atvinnurekstri. Ágreiningur aðila fellur því undir neytendakaupalög nr. 48/2003.

Samkvæmt því sem kemur fram á heimasíðu fyrirtækisins Z, sem mun hafa söluumboð hér á landi frá framleiðanda, A., gefur framleiðandinn 12 ára ábyrgð á öllum björgunarbátum. Þar stendur og að Z hafi fengið viðurkenningu til þess að annast ábyrgðarskoðun á bátunum. Af þessum upplýsingum verður að draga þá ályktun að björgunarbáturinn sem álitsbeiðandi keypti sé í slíkri ábyrgð og eigi því að endast í drjúgan tíma. Hins vegar verður að gera ráð fyrir að bátinn þurfi að skoða svo að ábyrgðin haldist að mati framleiðanda og eins samkvæmt íslenskum reglum sem um skoðun slíkra báta kunna að gilda.

Samkvæmt gögnum málsins keypti álitsbeiðandi björgunarbátinn á kr. 152.530 og í andsvörum seljanda segir að verð á nýjum bát á sama tíma hafi verið kr. 240.000. Í andsvörunum kemur og fram að þessi afsláttur hafi verið gefinn af kaupverðinu vegna aldurs bátsins og vegna þess að stutt hafi verið í skoðunartíma.

Í samtali formanns kærunefndar við álitsbeiðanda 3. mars sl. kom ekki glöggst fram hvort hann gerði sér grein fyrir því að afsláttur hefði verið gefinn af kaupverðinu af framangreindum ástæðum eða hvort hann taldi þetta vera gangverð á bátnum þegar kaupin fóru fram. Ólíklegt verður þó að telja að álitsbeiðandi hafi rennt blint í sjóinn að þessu leyti heldur kannað hvað á boðstólunum var og fyrir hvaða verð. Það er þó ljóst að álitsbeiðandi hefur fengið í sínar hendur upplýsingar um það hvenær báturinn var framleiddur, sbr. það skjal sem getið er um í kafla III hér að framan, hvenær sem hann kann að hafa skoðað þær. Hvernig sem þessu hefur verið háttað skiptir ekki máli við afgreiðslu þessa máls þar sem kröfugerð álitsbeiðanda beinist ekki að Y, eins og formaður nefndarinnar benti álitsbeiðanda sérstaklega á í samtali þeirra, heldur gerir álitsbeiðandi þá kröfu að fyrirtækið Z láti sér í té nýjan björgunarbát eins og lofað hafi verið. Samkvæmt því sem að framan segir er annað útilokað fyrir kærunefndina en að hafna kröfum álitsbeiðanda í þessu máli.

Kærunefndin telur rétt að taka fram að niðurstaðan í þessu máli útilokar hvorki að álitsbeiðandi geti beint kröfum að B sem hann kann að telja sig eiga á hendur því fyrirtæki vegna viðskiptanna við það. Sama máli gegnir er varðar þær kröfur sem álitsbeiðandi telur sig eiga á hendur fyrirtækinu Z sem ekki er aðili þessa máls.

## VI

### Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir